

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1992

27. mars 1992

261

Nr. 114

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja,
afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Í c-staflið 29. gr. bætist:

„J 02 AC Sveppalyf

P 01 AB Amöbulyf og lyf gegn öðrum frumkýrum“

Úr c-staflið 29. gr. fellur niður:

„J 03 Sýklalyf“

2. gr.

Eftirfarandi er breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Ivermectinum	Dýrallyf; lyfjaform til inntöku	EQVALAN, VET. pasta 1,87 mg/g. ORAMEC DRENCH, VET., mixtúra 0,8 mg/ml.	DÝRALYF. Ormalyf fyrir hross. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 30 sólarhringum eftir lyfjagjöf. – Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtasterðir, skv. ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins. DÝRALYF. Ormalyf í sauðfé og geitfé. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 30 sólarhringum eftir lyfjagjöf. – Ennfremur skulu hverri pakkningu lyfsins fylgja leiðbeiningar á íslensku um notkun þess og skömmtun, skv. ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins.
Nicotinum	Lyf í afmældum skömmtum. Mest 4 mg í einstökum skammti. Mest 420 mg handa einstaklingi. Lyf í formi forðaplástra, sem gefa mest frá sér 21 mg/24 klst. af nikótíni. Mest 21 stk. handa einstaklingi.	NICORETTE, tryggigúmmí 2 mg/stk. og 4 mg/stk. NICOTINELL, forðaplástrar 7 mg/24 klst., 14 mg/24 klst. og 21 mg/24 klst.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins. Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins.
Paracetamol	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 500 mg; allt að 15 g virks efnis.		

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
	Endaþarmsstílar 60 mg: Mest 20 stk. handa einstaklingi.	PARASETAMÓL, endaðarmsstílar.	Endaðarmsstílar 60 mg: Verkjastillandi og hitalekkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstílar eru hentugir handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum hafi lækni ekki ráðlagt annað: 0–1 árs: 1 endaðarmsstíll mest í tvö skipti. 1–4 ára: 2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.
	Endaðarmsstílar 125 mg: Mest 20 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, endaðarmsstílar. PARASETAMÓL, endaðarmsstílar.	Endaðarmsstílar 125 mg: Verkjastillandi og hitalekkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstílar eru hentugir handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum hafi lækni ekki ráðlagt annað: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 1 árs. 1–4 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. 4–8 ára: 1–2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. 8–12 ára: 2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.
	Endaðarmsstílar 250 mg: Mest 20 stk. handa einstaklingi.	PARASETAMÓL, endaðarmsstílar.	Endaðarmsstílar 250 mg: Verkjastillandi og hitalekkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstílar eru hentugir handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum hafi lækni ekki ráðlagt annað: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. 8–12 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. 12–16 ára: 1–2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.
	Endaðarmsstílar 500 mg: Allt að 30 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, endaðarmsstílar. PARASETAMÓL, endaðarmsstílar.	Endaðarmsstílar 500 mg: Verkjastillandi og hitalekkandi lyf. Lyfið er ekki ætlað til langvarandi notkunar án samráðs við lækni. Skammtastærðir hafi lækni ekki ráðlagt annað: Fullorðnir: 1–2 endaðarmsstílar þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12–16 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
	Freyðitöflur 500 mg: Allt að 30 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, freyðitöflur.	Freyðitöflur. Venjulegur skammtur er 1–2 freyðitöflur í senn, mest 6 freyðitöflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum influensu eða kvefs. Freyðitöflurnar eru leystar upp í hálfu glasi af vatni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni. Börn 8–12 ára: ½ freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12–16 ára: 1 freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Lyfið inniheldur natríum og er því ekki ætlað fólki, sem er á saltsnauðu fæði.
	Töflur 500 mg: Allt að 30 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, töflur. PARASETAMÓL, töflur.	Töflur. Venjulegur skammtur er 1–2 töflur í senn, mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum influensu eða kvefs. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni. Börn 8–12 ára: ½ tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12–16 ára: 1 tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.
	Dropar (til inntöku); ekki yfir 100 mg/ml (10%). Mest 20 ml handa einstaklingi.	PARASETAMÓL, dropar.	Dropar 100 mg/ml: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Má ekki gefa börnum lengur en í 2 daga í senn án samráðs við lækni og ekki, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Mestu skammtar á dag handa börnum: 0–3 mán.: 0,4 ml 3–4 sinnum. 4–11 mán.: 0,8 ml 3–4 sinnum. 1–2 ára: 1,2 ml 3–4 sinnum. 2–3 ára: 1,6 ml 3–4 sinnum. 4–5 ára: 2,4 ml 3–4 sinnum. 6–8 ára: 3,2 ml 3–4 sinnum.
	Mixtúrur: ekki yfir 24 mg/ml (2,4%). Mest 60 ml handa einstaklingi.	PANODIL, mixtúra. PARASETAMÓL, mixtúra.	Mixtúra 24 mg/ml. Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Skammtastærðir handa börnum hafi læknir ekki ráðlagt annað: 0–1 árs: 2,5 ml mest í tvö skipti. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. 1–4 ára: 2,5–5 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. 4–8 ára: 5–10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. 8–12 ára: 10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.

Efni	Hámarks magn og/ eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/ eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn) í blöndu með Miconazolum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Styrkleiki Hydrocortisonum ekki yfir 10 mg/g og styrkleiki Miconazolum ekki yfir 20 mg/g. Mest 15 g handa einstaklingi.	DAKTACORT, krem	Sveppasýking á fótum, þegar mikill kláði fylgir. – Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun ráðuneytis.

3. gr.

Eftirfarandi skal bætt við í viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/ eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/ eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn) í blöndu með Miconazolum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Styrkleiki Hydrocortisonum ekki yfir 10 mg/g og styrkleiki Miconazolum ekki yfir 20 mg/g. Mest 15 g handa einstaklingi.	DAKTACORT, krem	Sveppasýking á fótum, þegar mikill kláði fylgir. – Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun ráðuneytis.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur; hreinsi- og dælustöð við Eiðsgranda/Ánanaust.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. mars 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að hreinsi- og dælustöð sem fyrirhuguð var á miðjum Eiðsgranda verði komið fyrir þannig að byggð verði lítill dælustöð á móts við SÍF-skemmuna og að hreinsi- og dælustöðin verði við gatnamót Ánanausta og Mýrargötu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 17. mars 1992.

F. h. r.
Páll Línal.

Hrafn Hallgrímsson.